

Heilbrigðisráðuneytið

Síðumúla 25

108 Reykjavík

Efni: Drög að reglugerð um vottorð, álitserðir, faglegar yfirlýsingar og skýrslur heilbrigðisstarfsmanna. Umsögn Sjúkratrygginga.

Þann 30. apríl sl. voru kynnt í Samráðsgátt drög að reglugerð um vottorð, álitserðir, faglegar yfirlýsingar og skýrslur heilbrigðisstarfsmanna. Meðfylgjandi er umsögn Sjúkratrygginga.

Í 5. gr. reglugerðar segir:

5. gr.

Heilbrigðisstarfsmönnum er skylt að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga er þeir annast þegar slíkra vottorða er krafist vegna samskipta sjúklings við hið opinbera.

Heilbrigðisstarfsmanni er skylt að gefa út vottorð að beiðni sjúklings sem varðar heilbrigðisþjónustu sem hann hefur sjálfur veitt sjúklingi eða um það sem kemur fram í sjúkraskrá sjúklings, án ónauðsynlegrar tafar. Í því felst m.a. að heilbrigðisstarfsmanni ber ekki að votta frásögn sjúklings af fyrri veikindum.

Heilbrigðisstarfsmönnum er ekki skylt að verða við beiðni sjúklings eða þriðja aðila um útgáfu álitserðar, sbr. 1. tölul. 2. gr.

Varðandi vottun á óvinnufærni

Sjúkratryggingar afla staðfestingar á óvinnufærni frá lækni í tengslum við umsóknir um sjúkradagpeninga, bætur úr slysatryggingu almannatrygginga og bætur úr sjúklingatryggingu. Ástæðan er sú að Sjúkratryggingar greiða dagpeninga vegna veikinda/slysa sem og bætur vegna tímabundins atvinnutjóns og þjáningabætur, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, skv. 32. gr. laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar, 11. gr. laga nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga og 5. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu, sbr. 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Til að hægt sé að greiða dagpeninga eða bætur vegna óvinnufærni þá þarf að liggja fyrir staðfesting um að umsækjandi hafi verið óvinnufær vegna tiltekinna þátta/atviks. Þau gögn sem umsækjendur afla til að staðfesta óvinnufærni eru sjúkradagpeningavottorð á eyðublaði Sjúkratrygginga, áverkavottorð vegna slysa eða vottorð til atvinnurekenda vegna óvinnufærni/veikindavottorð. Sjúkratryggingar óska eftir þessum gögnum vegna allra mála þar sem farið er fram á greiðslur vegna óvinnufærni. Rétt er að taka fram að oft er um að ræða afrit af gögnum sem umsækjendur hafa þegar aflað fyrir atvinnurekanda og/eða

tryggingafélag. Í þessum gögnum eru læknaðar oftast en ekki að votta frásögn sjúklings um veikindi eftir að þau hafa átt sér stað, sbr. síðasti málsliður 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar.

Í áverkavottorði vegna slyss, sem læknaðar senda til Sjúkratrygginga er óskað eftir að lækni fylli út eftirfarandi:

| | | |
|--|-----------------------------|---|
| <input type="checkbox"/> Nei | <input type="checkbox"/> Já | |
| 20. Hefur slasaði verið óvinnufær vegna þessa slyss? | | |
| <input type="checkbox"/> Nei | <input type="checkbox"/> Já | |
| 21. Ef já við lið nr. 20 vinsamlegast fyllið út hlutfall og tímabil óvinnufærni. | | |
| Að fullu | Frá: | Til: |
| Að hluta (Hve mörg %) | Frá: | Til: |
| 22. Var slasaði haldinn sjúkdómi fyrir slysið? | | Ef já, hvaða og helstu einkenni hans í þessu tilviki? |
| <input type="checkbox"/> Nei | <input type="checkbox"/> Já | |
| ?? Átti hæfi einkendómi hátt í eiginu? | | Ef já, hvernig? |

Sambærileg krafa um útfyllingu er í læknisvottorði vegna slyss, framhaldsvottorði vegna dagpeninga og sjúkradagpeningavottorði.

Sjúkratryggingar taka undir þau sjónarmið sem læknaðar hafa haldið fram um að gögn sem byggja á frásögn sjúklings feli í ekki í sér sönnun um eiginlega óvinnufærni. Hingað til hafa Sjúkratryggingar þó ekki talið sér annað stætt en að kalla eftir vottunum frá lækni um óvinnufærni í tengslum við þann áverka eða sjúkdóm sem um ræðir, í ljósi þekkingar viðkomandi lækni á afleiðingum slíkra sjúkdóma/áverka og skoðun hans á viðkomandi sjúklingi eða sjúkrasögu hans. Önnur gögn sem fela í sér sambærilega vottun/sönnun eru vandfundin.

Þannig er ástæða að varpa fram þeirri spurningu hvort að með tilkomu 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar sé Sjúkratryggingum ekki lengur heimilt að kalla eftir vottunum, þar sem m.a. er byggt á frásögn sjúklings? Ef sú er raunin þarf að útlista hvernig Sjúkratryggingar eiga meta óvinnufærni þegar ekki er hægt að sýna fram á hana með öðrum gögnum en vottun lækni sem byggir m.a. á frásögn sjúklings, t.a.m. í reglugerð.

Að lokum væri rétt að skýra í reglugerðinni að ekki skipti máli hvað varðar rétt til að afla vottorðs hvort það sé einstaklingurinn sjálfur sem óskar eftir vottorði eða umboðsmaður hans. Ástæðan fyrir því er að nokkuð hefur borið á að tekið sé á vottorðsbeiðnum umboðsmanna (lögmannna) með öðrum hætti en ef einstaklingur hefði lagt beiðnina fram og jafnvel hærra gjald tekið. Slíkt hlýtur að teljast óeðlilegt ef vottorðsbeiðnin er sú sama.

Varðandi gagnafhendingu

Þá væri gagnlegt ef krafan um að gögn séu afhent án ónauðsynlegrar tafar nái jafnframt til afhendingu til opinberra aðila, sbr. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar. Sjúkratryggingar afla vottorða vegna umsókna um sjúklingatryggingu beint frá veitendum heilbrigðisþjónustu, skv. 15. gr. laga nr. 112/2000. Það getur liðið langur tími þar sem umbeðin gögn berast, með tilheyrandi óhagræði fyrir umsækjendur þar sem málsmeðferð tefst. Þegar um er að ræða bótagreiðslur þá hefur það jafnframt neikvæð fjárhagsleg áhrif, bæði fyrir ríkissjóð (í ljósi vaxtagreiðslna) sem og umsækjendur þar sem greiðslur tefjast.

Varðandi breytingar sem hafa orðið á 5. gr. reglugerðar

Í fyrri umsögn Sjúkratrygginga, dags. 21. febrúar 2023 vegna máls nr. S-12/2023 sem var birt í samráðsgátt 24. janúar 2023 segir:

Sjúkratryggingar Íslands meta læknisfræðilega örorku/miska vegna bótaskyldra slysa skv. lögum nr. 45/2015 um slysatryggingar almannatrygginga. Í tengslum við framkvæmd slíkra mata, ef fullnægjandi upplýsingar liggja ekki fyrir í málinu, óska Sjúkratryggingar eftir vottorði heilsugæslulæknis um fyrra heilsufar slasaðs einstaklings. Tilgangur slíks vottorðs er að leggja mat á hvort einkenni sé að öllu leyti rekja til slyss eða hvort þau hafi verið til staðar fyrir slys. Slíkt vottorð krefst þess að farið sé yfir sjúkraskrá einstaklingsins hjá heilsugæslunni. Sjúkratryggingar vilja leggja áherslu á mikilvægi þess að áfram verði unnt að óska eftir vottorðum um fyrra heilsufar í tengslum við slys. Að öðrum kosti má reikna með því að óska þurfi eftir afriti af sjúkraskrá einstaklinga, sem yrði til þess að Sjúkratryggingar fengju í hendur mun umfangsmeiri heilsufarsupplýsingar en nauðsynlegt er.

Gerðar voru breytingar á 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar eftir að umsögnin barst og þannig er nú búið að bæta við 2. mgr. 5. gr reglugerðarinnar:

Þegar umsögnin var skrifuð var 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar eftirfarandi:

Heilbrigðisstarfsmönnum er skylt að verða við beiðni um vottorð, er varðar heilbrigðisþjónustu sem hann hefur veitt sjúklingi, án ónauðsynlegra tafa.

Ákvæðið hljómar nú:

Heilbrigðisstarfsmanni er skylt að gefa út vottorð að beiðni sjúklings sem varðar heilbrigðisþjónustu sem hann hefur sjálfur veitt sjúklingi eða um það sem kemur fram í sjúkraskrá sjúklings, án ónauðsynlegrar tafar. Í því felst m.a. að heilbrigðisstarfsmanni ber ekki að votta frásögn sjúklings af fyrri veikindum.

Sjúkratryggingar líta svo á að breytingar á orðalagi málgreinarinnar komi til móts við fyrri umsögn stofnunarinnar og þar með girðir ákvæðið ekki fyrir heimild stofnunarinnar til að kalla eftir vottorðum um fyrra heilsufar.

Varðandi skjalagerð í tengslum við ferðakostnað innanlands

Á fundi Sjúkratrygginga á nefndarsviði Alþingis 8. maí sl. komu fram spurningar sem tengdust vottorðum til Sjúkratrygginga vegna óvinnufærni, sem hér hefur verið fjallað um en einnig var spurt um vottorð og umsýslu vegna umsókna um ferðakostnað innanlands.

Í ljósi markmiðs þessarar reglugerðar og vinnu starfshóps sem ráðneytið hefur skipað væri rétt að kanna hvort tilefni sé til að gera breytingar á reglugerð nr. 1140/2019 um ferðakostnað sjúkratryggðra og aðstandenda þeirra innanlands. Til dæmis væri hægt að gera breytingar á útfærslunni á þann veg að læknaþyrftu ekki að fylla út vottorðið: *Staðfesting á komu til læknis* heldur myndi slík staðfesting koma fram á reikningum sjálfum (sem læknaþyrft myndi senda rafrænt til Sjúkratrygginga). Einnig væri hægt að taka út kröfuna um að meðferð sé ekki aðgengileg í heimabyggð með einhverskonar nýrri útfærslu, t.d. þannig að öll búsett á landsbyggðinni ættu rétt til 2-3 ferða á ári hverju óháð þessu skilyrði eða tiltaka hvaða meðferð falli þarna undir í reglugerð. Þannig yrðu engin eiginleg vottorðaskrif fyrir hendi vegna umsókna um ferðakostnað innanlands nema í tilfelli alvarlegrar veikinda sem krefðust fleiri ferða milli landshluta.

Skilgreiningar 2. gr.

Í lokin vilja Sjúkratrygginga kanna hvort staðfestingar, umsóknir, beiðnir, greinargerðir og önnur gögn sem stofnunin kallar eftir frá veitendum heilbrigðisþjónustu í tenglum við greiðslur eða réttindi til einstaklinga falli undir skilgreiningar 2. gr. reglugerðarinnar, þótt heitin séu ekki tekin þar fram?

Meðfylgjandi er listi yfir flest þau gögn sem Sjúkratryggingar kalla eftir frá veitendum heilbrigðisþjónustu þar sem sést hvaða heiti eru notuð fyrir vottorð og aðra skjalagerð:

Ferðakostnaður

[Staðfesting á komu til læknis vegna ferðakostnaðar sjúklinga innanlands](#)

[Skýrsla vegna ferðakostnaðar sjúklinga innanlands](#)

Heimahljúkrun barna

[Staðfesting á nauðsynlegri ferð sjúklings til meðferðar utan heimahéraðs](#)

Hjálpartæki

[Umsókn um styrk til kaupa á hjálpartæki](#)
[Setstöðugreining](#)

Iðjubjálfun

[Beiðni um iðjubjálfun](#)

Ljósmeður

[Greinargerð brjóstgjafarráðgjafa](#)
[Greinargerð vegna bráðatilfellis](#)
[Heilsufarsflokkun sængurkonu og barns](#)
[Skýrsla ljósmóður](#)
[Tilvísun í brjóstgjafaráðgjöf](#)

Lyf

[Umsókn um greiðsludreifingu - Samningur um dreifingu lyfjakostnaðar vegna greiðsluerfiðleika](#)
[Umsókn um greiðsludreifingu - Viðbótarsamningur um frekari dreifingu lyfjakostnaðar](#)

[Umsóknir um Lyfjaskírteini](#)

Læknishjálp

[Umsókn um undanþágu vegna lýtalækninga sem krefjast fyrirfram samþykkis](#)
[Beiðni um staðfestingu vegna augasteinsaðgerðar](#)
[Greinargerð með beiðni um staðfestingu vegna augasteinsaðgerðar](#)
[Umsókn um greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands í augnaðgerð með excimer leysitækni](#)
[Vottorð heilsugæslu- eða heimilislæknis um skerta líkamsfærni](#)

Næring og sérfæði

[Umsókn um styrk til kaupa á næringarefnum og sérfæði](#)

Réttindi milli landa

[Umsókn um nauðsynlega meðferð sem ekki er í boði á Íslandi](#)
[Umsókn vegna langs biðtíma eftir meðferð á Íslandi](#)
[Umsókn vegna meðferðar yfir landamæri innan EES landa](#)
[Fylgiblað vegna ósjúkratryggðra einstaklinga á Íslandi](#)
[Umsókn um greiðsluþátttöku vegna heimflutnings sjúklings skv. Norðurlandasamningi](#)

Sálfræðiþjónusta

[Samningur Sjúkratrygginga og notanda vegna tengingar við upplýsingakerfi Sjúkratrygginga](#)
[Tilvísun til sálfræðings á samningi við Sjúkratryggingar](#)

Sjúklingatrygging

[Greinargerð meðferðaraðila samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu](#)

Sjúkraflug

[Beiðni um sjúkraflug](#)

Sjúkrahótel

[Beiðni um gistiþjónustu á Akureyri](#)

Sjúkraþjálfun

[Beiðni um sjúkraþjálfun](#)
[Samningur Sjúkratrygginga og notanda vegna tengingar við upplýsingakerfi Sjúkratrygginga](#)
[Tilkynning um sjálfstæðan rekstur](#)

Slys

[Framhaldsvottorð vegna slyss - dagpeningar](#)

[Áverkavottorð vegna slyss](#)

[Vottorð um fyrra heilsufar](#)

Sjúkradagpeningavottorð

[Sjúkradagpeningavottorð](#)

Talþjálfun

[Beiðni um talþjálfun](#)

[Beiðni um viðbótar eða langtímameðferð í talþjálfun](#)

Tannlækningar

[Áverkavottorð](#)

[Beiðni um breytingu eða framlengingu á áður samþykkttri umsókn](#)

[Fyrirspurnir tannlækna til Sjúkratrygginga](#)

[Staðfesting á kjálkafærsluaðgerð](#)

[Umsókn um endurgreiðslu á kostnaði vegna tannlækninga \(IV. kafli\)](#)

[Umsókn um endurgreiðslu á kostnaði vegna tannréttinga \(IV. kafli\)](#)

[Umsókn um þátttöku í kostnaði vegna tannlækninga \(II. - III. kafli\)](#)

Túlkabjónusta

[Beiðni um túlkabjónustu](#)

Virðingarfyllst

Elsa Gísladóttir, lögfr. persónuverndarfulltrúi.